




Dalalíf: Hrafnhildur Valbjörnsdóttir spreytir sig á hlutverki bústýru, og á neðri myndinni reyna þeir félagar Þór og Danni að fá Búkollu til við sig.

Dalalíf – ný kvikmynd eftir Þráin Bertelsson:

2500 hænur

Undirstöðuáttinnuvegir þjóðarinnar eru í rauninni drepfyndnir, enda þorskur og sauðkind skemmtilegt léttmeti, eins og kunnugt er. En ef vera kynni að þeim hrjóðu sálum sem standa undir atvinnulífinu til sjávar og sveita hafi í dagsins önn láðst að veita eftirtekt brotlegu hliðinni á störfum sínum, þá er það út af fyrir sig allt í lagi. Það er bara hægt að fara í bíó og sjá þar hvað lífsbaráttan er kátleg – í kvikmyndum Þráins Bertelssonar.

Í fyrrahaust var frumsýnd kvikmynd hans *Nýtt líf*, þar sem tekin voru á beinið sjávarútvegur og fiskvinnsla, en einkum og sér í lagi það mannlíf sem getur þrífist í einni verstöð. Ætli ekki sé óþarfi að rifja upp að myndin hlaut fádæma góðar viðtökur og aðsókn, ekki síst á sögu-slóðunum Vestmannaeyjum.

Og ekki er að sökum að spyrja: röðin er komin að landbúnaðinum. Dalalíf heitir nýja kvikmyndin hans Þráins Bertelssonar – hvað ætti hún sosum að heita annað? – og verður væntanlega frumsýnd 30. september í Nýja bíói í Reykjavík og í Borgarbíói á Akureyri; athyglisvert dekur við landsbyggðina a tarna...


Á dögnum áttum við dálítið spjall við Þráin Bertelsson kvik-

myndagerðarmann og báðum hann að segja okkur frá nýju myndinni.

„Söguþráðurinn er í stuttu máli sá,“ sagði Þráinn, „að þeir félagarnir Þór og Danni, kunningjar okkar úr Nýju lífi, bregða á það ráð að gerast afleysingabændur uppi í Kjós og hefja þar merkilegar landbúnaðartilraunir, á meðan alvörubændur eru fjarri góðu gamni. Kumpánarnir efna til svokallaðrar „Dalalífsviku“, þar sem frústreruðum borgarbúum gefst kostur á að njóta sveitasælunnar gegn smáræðis þóknun. Auðvitað getur þetta fyrirtæki ekki gengið án þess að til tíðinda dragi; það er yfirið nóg sem hægt er að skopast að í landbúnaðinum, og óhætt að fullyrða að það verður enn léttara yfir þessari mynd en *Nýju lífi*.

Við fórum ekki út í að taka myndina í stúdíói og fylla það af kindum og kúm, heldur fengum við aðstöðu á bænum Neðra-Hálsi í Kjós, og þar unnum við að tókum frá því seint í maí fram í júlilok. Uppistaðan að hópnum sem vann að gerð *Dalalífs* starfaði einnig við *Nýtt líf* á sínum tíma; þetta er því orðið samhent og þjálfað lið, og það hefur að sjálfsögðu mjög mikið að segja.“

Með tvö helstu hlutverkin í *Dala-*



lífi, þeirra Þórs og Danna, fara sem fyrr Eggert Þorleifsson og Karl Agúst Úlfsson. Þriðja stærsta hlutverkið er í styrkum höndum Hrafnhildar Valbjörnsdóttur, vaxtaræktarmeistarar; en alls eru hlutverk í myndinni á milli tuttugu og þrjátíu, auk um það bil fimm hundruð statista. Og í fjölmennasta atriðinu koma fram 2500 hænur! Ásamt Þráni vann Ari Kristinsson að gerð handritsins, en framleiðandi kvikmyndarinnar er Jón Hermannsson. — En fleira er í deigluinni á bænum þeim; Þráinn var inntur eftir því.

„*Skammdegi* er nafnið á mynd sem gerð var á vegum okkar Jóns Hermannssonar og verið er að ganga frá,“ svaraði hann, „ætli hún verði ekki frumsýnd á víðeigandi

tíma — um eða eftir næstu áramót. *Skammdegi* er hreint alls ekki gamanmynd, heldur á að vera einhvers konar sálfræðileg spennumynd, með dularfullu ívafi. Þetta er samtíma mynd og söguviðið er Vestfirðir. Atök verða á litlu koti, þar sem íbúarnir eru að reyna að hokra; en aðrir aðilar vilja kaupa jörðina og leggja undir búnað. Eins og ég sagði er þessi mynd með allt öðru sniði en hinar tvær; á það raunar eitt sameiginlegt með þeim að Eggert Þorleifsson leikur í henni. Kom-ið hefur á daginn að Eggert er jafnvígur á gamanleik og alvöru.“

— Gætu útlandingar orðið ginnkeyptir fyrir þessum myndum?

„Við reynum að halda fast við þá stefnu að gera myndir út frá íslensk-

um veruleika og fyrir íslenskan markað, en ekki fyrst og fremst sem útflutningsvöru. Auðvitað er ekki nema gott um það að segja að reynt sé að búa til myndir með það í huga að þær geri sig erlendis — en það hefur ekki tekist ennþá. Í svipinn er ekki meiri eftirspurn eftir íslenskum myndum en norrænum eða alþönskum; heimurinn bíður ekki spennur eftir því að við gerum einhverjar tímamótamyndir.

Þegar ég var að fara út í kvikmyndagerð hérna var það af því að ég hélt að þörf væri fyrir íslenskar myndir á Íslandi. Hér hefur hins vegar alltaf verið nóg framboð af erlendum kvikmyndum, sem gerðar hafa verið með miklum ágætum án íslenskar aðstoðar!“

— En hvað næst?

„Framundan er að halda áfram að gera kvikmyndir, að því tilskildu vitanlega að einhverjir komi að sjá þessar tvær, *Dalalíf* og *Skammdegi*. Aðsókn á *Nýtt líf* var mjög góð, en ég er illa svikinn ef *Dalalíf* gengur ekki enn betur, því að hún er fjörugri og gáskafyllri. Ég held að fólk vilji gjarnan sjá eitthvað annað en þennan eilífa skandinavíska drunga — og er það vel,“ sagði Þráinn Bertelsson kvikmyndagerðarmaður að síðustu.

—ÞE

„Keramíkskúlpúr er ef til vill fremur óþjálmt orð — en mér dettur ekkert annað betra í hug til að lýsa því sem ég er að fást við. Efnið sem ég nota er eingöngu leir, eins og venjan er í hefðbundnu keramik, hins vegar eru efnistökin allt önnur; hlutirnir mínir teljast engan veginn til nytjalistar, heldur eru þetta frjáls form — skúlpúr.“

Þetta sagði ung og hress myndlistarkona, Rósa Gísladóttir, þegar við áttum við hana orðastað á dögnum í tilefni af því að á laugardaginn kemur, 22. september kl. 14, opnar hún fyrstu einkasýningu sína. Sýningin verður í anddyri Kjarvalsstaða og stendur til 7. október.

Rósa lauk prófi úr keramikdeild Myndlistar- og handiðaskóla Íslands vorið 1981 og hefur síðan stundað nám við listaakademíuna í München í V-Þýskalandi. Hún hefur áður tekið þátt í nokkrum sam-sýningum, bæði hér heima og eins úti í Þýskalandi.

— Geturðu sagt mér nánar frá verkunum sem verða á sýningunni, Rósa?

„Annars vegar er um að ræða fimm stórar súlur, sem eru tveir og hálfur metri á hæð; hver þeirra er sett saman úr tólf til fimmtán einingum. Hins vegar sýni ég allmarga smærri hluti sem eru settir saman á svipaðan hátt og súlurnar, og loks er ég með nokkrar veggmyndir.

Form hlutanna er auðvitað frjálst að því leyti að það lýtur ekki ströngum reglum neins notagildis; á hinn bóginn vann ég þessi verk út frá ákveðnum hugmyndum sem ég gaf mér fyrirfram — ég lagði til grundvallar frumformin: hring, þríhyrning og ferning. Sem kontrast

við þessa formfestu leyfi ég svo glaðlegum litum að njóta sín.

Verkin á sýningunni eru öll unnin úti í München á fimm mánaða tímabili, frá því í mars fram á mitt sumar. En þetta súlu-þema mitt hef ég verið að þróa síðan ég byrjaði í akademíunni úti; þar ræður ef

til vill ferðinni löngunin til að vinna eitthvað risastórt í leir.

Hluta af þessum verkum sýndi ég á stórrí sýningu sem haldin var í akademíunni í vor, og hlaut reyndar viðurkenningu fyrir. Við vorum sjö talsins sem fengum þarna peningaverðlaun, og ennfremur gerir

fyrirtækið sem veitti styrkinn að skilyrði að hópurninn sýni á vegum þess í nóvember.“

— Hvernig er að vera í akademíunni í München?

„Það er fínt! Í fyrsta lagi er náttúrliga lúxus út af fyrir sig að eiga þess kost að dveljast erlendis við

nám og fá þannig tækifæri til að vikka sjóndeildarhringinn. Í öðru lagi er akademían í München stór og virt stofnun þar sem stúdentum er boðið upp á ótal möguleika. Þangað koma frægir menn frá öllum heimshornum, ýmist til að kenna eða halda námskeið og fyrirlestra. Stúdentar hafa frjálsan aðgang að öllum hugsanlegum verkstaðum — ekki aðeins í þeirra eigin grein. Almennt er hægt að segja að mikið frjálsræði ríki; það var mjög athyglisvert fyrir mig að koma til München eftir að hafa verið í ströngum handiðnaði hér heima.“

— Þú hefur þá sagt skilið við handiðnaðinn?

„Ég hef alltaf haft miklar mætur á fallegu handverki, og það er í rauninni ekki minni íþrótt að renna frambærilegan teketil en gera skúlpúr sem maður er sáttur við. En mig hafði alltaf langað til að spreyta mig á frjálsri listskópun, og þóttist koma auga á margvíslega ónotaða möguleika leirsins. Ég vil taka fram að mér finnst námið í Myndlistar- og handiðaskóla Íslands hafa verið traustur grunnur til að byggja á.“

— Sum verka þinna eru æði fyrirferðarmikil. Var ekki erfitt að koma þeim heilum heim?

„Það var reyndar heilmikið mál, eins og þú getur ímyndað þér. Mesta fyrirtækið var þó að pakka þessum brothættu hlutum sómasamlega niður, og að því unnu tveir fileldir karlmenn í heilan dag — á meðan þeir svolgruðu einn kassa af bjór! Þýskir verkamenn eru voðalega þorstlátir, get ég sagt þér. Allt fór samt vel að lokum, og hingað eru verkin komin,“ sagði Rósa Gísladóttir myndlistarkona.

—HT



Rósa Gísladóttir myndlistarkona hugleiðir uppsetningu sýningar sinnar að Kjarvalsstöðum.